

STEFNA VIÐREISNAR Í REYKJAVÍK 2022

SAMDYKKT Á MÁLEFNADINGI VIÐREISNAR Í REYKJAVÍK 2. APRÍL 2022



UMHVERFI OG SKIPULAG

Við viljum fjölga valkostum fyrir íbúa Reykjavíkur. Við viljum byggja upp þetta, umhverfisvæna og nútímalega borg.

HÚSNÆÐISUPPBYGGING

Við munum halda áfram þeirri metuppbyggingu sem við komum af stað og sjá til þess að yfir 1.000 nýjar íbúðir verði byggðar á hverju ári. Við viljum hefja uppbyggingu nýs hverfis við Ártúnshöfða og ljúka skipulagi vegna fyrstu áfanga Keldnaland að undangenginni hugmyndasamkeppni.

Áfram skal unnið með þéttingu byggðar innan borgarinnar og byggt innan vaxtarmarka. Við viljum að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri og þar rísi í staðinn þétt, blönduð byggð. Hefja skal sem fyrst uppbyggingu í Skerjafirði og á öðrum svæðum í Vatnsmýri.

Skoða má stækkun núverandi hverfa til að nýta betur þá innviði sem fyrir eru. Dæmi um þetta eru uppbygging á Skeifusvæðinu, við Kringluna og í Úlfarsárdal. Þéttbýlið á Kjalarnesi má stækka til að það geti verið sjálfbært og borið verslun og öfluga nærpjónustu.

Hugað skal að þörfum ungs fólks og fyrstu kaupenda. Lækka skal kostnað við nýbyggingar með einföldun regluverks og með því að minnka þörf fyrir dýr bílastæði. Líta skal til ráðlegginga OECD varðandi einföldun regluverks, bættu gjaldheimtu og félagslegan hreyfanleika. Uppbygging á íbúðum fyrir eldri kaupendur losar jafnframt um húsnæði fyrir þau sem yngri eru.



HÚSNÆÐISUPPBYGINN (frh)

Lóðaúthlutanir skulu tryggja framboð og jafna sveiflur á húsnæðismarkaði. Á næstu árum verði tryggðar lóðir fyrir minnst 2.000 íbúðir á ári. Lóðir í eigu borgarinnar á að selja á markaðsverði. Endurskoða ætti á samningsmarkmið um fjölda leiguíbúða á hverri lóð. Innviðagjöld ætti að sameina gatnagerðargjöldum og auka gegnsæi við innheimtu þeirra.

Viðreisn styður valfrelsi þegar kemur að búsetuformi. Við viljum koma til móts við aðila sem vilja byggja smærri hús.

BORGARHÖNNUN

Við viljum stækka göngusvæði í borginni, gera Laugaveg að göngugötu upp að Barónsstíg og halda hugmyndasamkeppni um betra og mannvænna Skólavörðuholt. Við viljum endurskipuleggja Spöngina í Grafarvogi í anda þess sem hefur verið gert á Garðatorgi.

Í allri hönnun gatna í íbúðahverfum þurfa gangandi og hjólandi að vera í fyrirrúmi. Gangstéttir skulu liggja beggja vegna götunnar, vera órofnar og skapa þá upplifun að bílar sem þveri þær séu þar gestir en ekki öfugt.

Við viljum endurhanna Snorrabraut, Vesturgötu og Rofabæ sem borgargötur. Við viljum halda samkeppni um opið svæði í Safamýri og ráðast í sérstakt átak til að bæta gönguleiðir á Múla- og Skeifusvæðinu. Við styðjum þéttingu byggðar í Austurbergi í samræmi við hverfisskipulag Breiðholts.

Upplýsingagjöf vegna framkvæmda í borgarrýminu þarf að vera góð, tryggja þarf áherslu á öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi við framkvæmdasvæði og búa til skýrar verklagsreglur um merkingar og hámarkslengingu gönguleiða.



BORGARHÖNNUN (frh)

Við viljum styðja við þróun umhverfisvænnar byggðar í samstarfi við aðila á byggingamarkaði. Við styðjum við hugmyndafræði algildrar hönnunar í hönnun bygginga og almannarýmis. Við viljum sjá miklu fleiri leiktæki fyrir fötluð börn í borgarrýminu. Eins þarf að bæta aðgengi innandyra í samstarfi við einkaaðila og félagasamtök.

SAMGÖNGUR

Viðreisn styður valfrelsi í samgöngumálum. Við styðjum Borgarlínu og viljum að hún sé í hæsta gæðaflokki. Leggja skal áherslu á hátt þjónustustig almenningssamgangna frekar en að gera þær ókeypis.

Miklubraut á að setja í stökk upp að Grensásvegi. Viðreisn styður lagningu Sundabrautar fyrir alla samgöngumáta. Eðlilegt er að fjármagna Sundabraut með beinni gjaldtöku á bílaumferð.

Við styðjum lægri hámarkshraða í hverfum. Skoða mætti lækkun hámarkshraða á stofnbrautum í samstarfi við Vegagerðina til að draga úr hávaða og mengun og auka öryggi.

Klára þarf samfellt hjólastíganet fyrir borgina. Fjölga þarf hjólastæðum og hjólaskápum. Samræma þarf útlit og hönnun hjólastíga með nágrannasveitarfélögum. Við viljum beita okkur fyrir því að lagður verði hjólastígur milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Viðreisn styður stækkun gjaldskyldra bílastæðasvæða og lengingu gjaldskyldutíma. Fjölga þarf rafhleðslustöðvum.

Liðka þarf fyrir fjölgun deilibíla með tímabundnum bílastæðafríðindum. Viðreisn mun áfram beita sér fyrir frelsi og samkeppni á rafskútumarkaði og vera opin fyrir öllum nýjungum í samgöngumálum.



UMHVERFISMÁL

Unnið verður að endurheimt vistkerfa í landi Reykjavíkur og ráðist í skógrækt á illa förnum svæðum utan þéttbýlis. Stórauka má trjágróður inni í borginni til dæmis á umferðareyjum til að auka bindingu kolefnis og skjól. Til að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika má minnka grasslátt á völdum túnum. Gera skal áætlun um endurheimt votlendis. Ýta skal undir matjurtarækt með því að leyfa fólki að taka svæði í fóstur og með því að gróðursetja fleiri berjarunna í almannarými.

Viðreisn vill dýravæna borg. Umferðarslys á dýrum eiga að vera skráð. Við viljum búa til hundaleikjagarð í borginni. Við leggjumst gegn hugmyndum um bann við lausagöngu katta.

Borgin verði kolefnishlutlaus árið 2040. Stutt verður við grænni byggingariðnað í gegnum skipulag og lóðaútböð. Unnið verður að tæknilausnum til að binda kolefni í jörð. Bílafloði í eigu borgarinnar verði kolefnishlutlaus. Ljúka skal uppbyggingu fyrir raftengingu farþegaskipa og tryggja framboð á rafmagni.

Draga þarf úr notkun nagladekkja með því að ríkið innheimti af þeim skatt og útteili tekjunum til sveitarfélaga. Frítt verði í strætó á gráum dögum.

Við viljum hreina borg. Við viljum bjóða upp á söfnun lífræns úrgangs fyrir alla borgarbúa. Grenndarstöðvar sem eru í göngufæri þarf að efla til að fækka megi bílferðum á hverfastöðvar. Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu verði samræmd. Við viljum að komið verði á virku hringrásarhagkerfi með uppbyggingu hringrásarklasa í borginni. Efla þarf samstarf við einkaaðila þegar kemur sormálum og bjóða út stóran hluta þjónustunnar.



REKSTUR OG ATVINNA

Borgin skal rekin með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Við viljum öfluga þjónustu við borgarbúa og umhverfi sem laðar að sér fjölbreytt atvinnulíf.

FJÁRMÁL

Viðreisn stundar ábyrga fjármálastjórnun. Stefnt skal að hallalausum rekstri borgarsjóðs strax frá árinu 2024.

Skuldaviðmið samstæðu (með OR) skal fara undir 150% frá og með árinu 2027.

Halda skal áfram hagræðingarkröfu upp á 1-2% á næsta kjörtímabili, meðal annars með hjálp stafrænnar umbreytingar. Ekki ætti að fjölga starfsfólki borgarinnar nema í grunnþjónustu og þá í takt við fólksfjölgun.

Beita skal samræmdum innkaupum og tryggja að Reykjavík fái hagstætt verð. Gjaldskrár skulu fylgja verðlagi. Auka þarf samræmingu milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að gjaldskrá.

EINKAREKSTUR

Viðreisn vill bæta þjónustu við borgarbúa og efla nýsköpun með því að auka einkarekstur í Reykjavík. Sveitarfélög eiga að halda að sér höndum varðandi verkefni sem einkaaðilar geta sinnt og hvetja til frjálsrar samkeppni. Borgin þarf að vera góður kaupandi og gera kröfur um gæði og verð.

Viðreisn telur að borgin eigi að styðja við nýsköpun með því að kaupa þjónustu af fyrirtækjum sem sérhæfa sig í stafrænum lausnum.



EINKAREKSTUR (frh)

Ljúka skal við sölu Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Skoða má sölu á þeim einingum Orkuveitunnar sem starfa á samkeppnismarkaði. Skoða ætti að selja eða bjóða út valda þætti í rekstri Sorpu. Nýja sorpbrennslustöð á að reisa í samstarfi við einkaaðila.

Bjóða ætti út stærri hlut í akstri Strætó. Selja ætti bílastæðahús eða bjóða rekstur þeirra út til að tryggja samkeppni og stuðla að eðlilegri verðmyndum. Færa mætti innheimtu bílastæðagjalda alfarið í hendur einkaaðila.

Matarþjónusta verði boðin út í skrefum. Tryggja þarf gæði og bjóða upp á valfrelsi varðandi grænmetis- eða veganfæði og fleiri þætti. Til að minnka matarsóun á að vera hægt að panta og afpanta mat með skömmum fyrirvara.

Mikil tækifæri felast í auknu samstarfi við einkaaðila sem starfa að velferðarmálum til dæmis hjúkrunarheimili, vinnustaði fatlaðs fólks og nýsköpunarfyrirtæki í velferðartækni.

STJÓRNSÝSLA

Fækka skal enn frekar ráðum og sviðum borgarinnar með sameiningum. Skoða þarf betri samvinnu milli grunnskóla, leikskóla og frístundar. Efla þarf teymisvinnu í borginni, sameina litlar einingar og koma á verkefnastofum sem geta tekist á við stærri verkefni í sameiningu.

Viðreisn vill endurskoða íbúaráð. Skoða má að leggja þau niður í núverandi mynd og efla þess í stað tengsl við öflug íbúasamtök í hverfum.

Endurskipuleggja þarf eignarsjóð og gera umsýslu með fasteignum borgarinnar gegnsærri. Fasteignir sem borgin hefur eignast í tengslum við þróun eldri verslunarkjarna ætti að selja. Sama gildir um fleiri fasteignir sem ekki tengjast kjarnastarfsemi borgarinnar.

ÞJÓNUSTA VIÐ FYRIRTÆKI OG ALMENNING

Borgin er mikilvægur þjónustuaðili atvinnulífsins, ekki síst við hvers kyns leyfisveitingar. Kerfið þarf að einfalda með þarfir og þægindi notenda að leiðarljósi. Öllum erindum innan stjórnslunnar á að vera hægt að sinna rafrænt. Borgin á að setja sér metnaðarfull tímamörk í afgreiðslu umsókna og standa við þau.

Þjóða þarf upp á ráðgjöf og útbúa gátlista fyrir algengustu tegundir starfsemi, svo sem heimagistingu eða veitingastaði. Heimsóknir í þjónustuver og fastir símatímar eiga að heyra sögunni til. Valdefla þarf starfsfólk þjónustuvers borgarinnar svo það geti sinnt sem flestum erindum sem þangað berast á staðnum.

Hraða þarf ferlum við uppbyggingu fasteigna. Embætti byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og heilbrigðiseftirlits skulu vinna saman að því að flýta málshraða. Sameina skal úttektir opinberra aðila í því skyni að auka skilvirkni og öryggi. Reykjavík taki við veitingu vínveitingaleyfa frá sýslumönnum til að hraða afgreiðslu þeirra.

Þjónusta borgarinnar þarf að taka mið af fjölbreyttu fjölskyldumynstri í borginni. Gera þarf ráð fyrir að sum börn eigi fleiri en eitt heimili.

Borgin framkvæmi reglulegar ánægjukannanir á þjónustu sinni og hlusti eftir ábendingum. Borgarfulltrúar Viðreisnar munu heimsækja þjónustuver borgarinnar, og svara sjálf erindum þeirra sem nota þjónustuna.

Allar umsóknir á vegum borgarinnar, hvort sem er vegna atvinnureksturs eða annars skulu aðgengilegar á ensku. Kerfi borgarinnar ættu að styðja við rétta ritun erlendra nafna.



UMGJÖRD ATVINNULÍFS

Búa þarf til sameiginlegan samráðsvettvang milli atvinnulífs og borgar. Tryggja þarf gott framboð af atvinnuhúsnæði, ekki síst húsnæði fyrir léttan iðnað og hvers kyns verkstæði.

Áfram skal unnið að því lífga upp á atvinnuhúsnæði þar sem starfsemi hefur lagst af. Skoða skal leiðir til að gera atvinnustarfsemi á jarðhæðum eftirsóknarverðari.

Reykjavík er einn helsti viðkomustaður ferðamanna á Íslandi. Borgin þarf að eiga gott samstarf við ferðaþjónustuna, stuðla að eflingu nauðsynlegra innviða og gera sitt til að upplifun ferðamanna af borginni sé sem best. Bæta þarf aðstöðu fyrir rútur og byggja upp almenningssalerni.

Viðreisn vill að Reykjavík setji sér stefnu um næturhagkerfið. Lengja má opnunartíma skemmtistaða á afmörkuðum svæðum til að minnka ónæði í miðborginni.

Reykjavíkurhöfn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir atvinnulíf borgarinnar. Þar starfa ótalmörg öflug fyrirtæki í ferðaþjónustu, flutningum og sjávarútvegi. Mikilvægt er að þjarma ekki um of að þessari starfsemi svo hún víki ekki. Grandinn verði áfram fyrst og fremst hafnarsvæði.

Til að styrkja samkeppnishæfni Reykjavíkur vill Viðreisn lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði enn frekar á kjörtímabilinu.



SKÓLAR OG FRÆÐSLA

Við viljum fjölbreytta skóla sem mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Til þess þarf hæft starfsfólk sem nýtur virðingar og stuðnings og hefur tækifæri til að móta nýtt starfsumhverfi.

SJÁLFSTÆÐI OG STARFSUMHVERFI

Góðir skólar eru lykill að velgengni samfélaga. Við viljum auka faglegt frelsi skóla og kennara til að gera tilraunir með ólík kennsluform. Við viljum skólastarf þar sem frumkvæði og sköpun eru í fyrirrúmi og ætlum að tryggja sjálfstæði skóla til þess að þróa slíkt sjálfir.

Styðja þarf kennara við að innleiða skapandi starfshætti inni í kennslustofunni. Við viljum fjölbreyttara námsefni sem styður við nýja hugsun og meira samstarf við einkaaðila þegar kemur að gerð námsefnis.

Við styðjum skóla án aðgreiningar sem felur í sér viðurkenningu á þörfum ólíkra nemenda. Vinna þarf áfram með þá hugmyndafræði og ráðast í aðgerðir sem tryggja að hver og einn fái að njóta sín.

Nýta skal áfram kosti fjarkennslu sem gagnast fötluðum börnum og börnum sem glíma við veikindi. Á þetta við um öll skólastig. Leggja þarf áherslu á sýnileika fatlaðs fólks í skólakerfinu og efla fræðslu um fötlun fyrir starfsfólk og nemendur.



SJÁLFASTÆÐI OG STARFSUMHVERFI (frh)

Góður skóli getur bætt líf fjölskyldna og stækkað samfélagið í kringum sig með framlagi sínu. Það hlutverk skóla verður sífellt stærra og mikilvægara og viljum við styðja við það. Samþætta þarf alla þjónustu sem snýr að börnum og velferð þeirra. Með snemmtækri íhlutun má grípa börn fyrr og minnka líkur á þyngri og dýrari inngrípum síðar meir. Skólar eiga að geta stutt við börn sem þurfa á því að halda óháð því hvort greining liggi fyrir eða ekki. Færa mætti vinnu sérfræðinga í meira mæli í skóla eða nærumhverfi þeirra.

Við viljum skóla þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi, nýtur góðra kjara og hefur mikið um starfið að segja. Auka þarf leiðtogaþjálfun innan skólanna. Innleiða þarf meiri teymiskennslu og bæta stuðning fyrir kennara innan veggja skólans.

Við styðjum valfrelsi í menntakerfinu og fjölbreytt rekstrarform menntastofnana.

Veita þarf stöðu barna af erlendum uppruna sérstakan gaum og tryggja betri fjármögnun í gegnum jöfnunarsjóð. Styðja á við bakið á móðurmálskennslu sem skipulögð er af foreldrum barna af erlendum uppruna og skoða samþættingu kennslunnar við skólalag barna.

GRUNNSKÓLI

Viðreisn vill nýta þau tækifæri sem liggja í aukinni samþættingu skóla- og frístundastarfs. Hægt er að nýta mannauð og húsnæði betur og skapa meiri sveigjanleika fyrir nemendur, til dæmis með því að byrja daginn á frístund.



GRUNNSKÓLI (frh)

Stefnt verði að því að aðstaða í félagsmiðstöðvum borgarinnar sé sambærileg á milli hverfa, enda jafnréttismál að öll börn í Reykjavíkurborg njóti sama aðgengis og tækifæra innan sinna félagsmiðstöðva.

Við höfum beitt okkur fyrir breytingum á því hvernig grunnskólum er úthlutað fjármagni en með því skapast tækifæri til að auka sjálfstæði stjórnenda og auka þjónustu við nemendur. Hægt er að samnýta enn frekar stoðþjónustu á borð við fasteignaumsjón og fjármálastjórn skóla. Við viljum auka gæðaúttektir og birta þær á skiljanlegan hátt.

Áfram verður byggt á verkefninu Betri borg fyri börn. Við viljum hinsegin fræðslu í alla skóla og stuðning við hinsegin nemendur.

Viðreisn leggur áherslu á það að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái sama framlag með nemendum og borgarreknir skólar gegn því að þeir innheimti ekki skólagjöld. Sterkur alþjóðlegur skóli er nauðsynlegur til að Reykjavík geti orðið aðlaðandi áfangastaður á alþjóðavísu.

LEIKSKÓLI

Viðreisn stefnir að því að öll börn fái pláss á leikskóla við 12 mánaða aldur. Viðreisn vill hefja samtalið við ríkið og samband sveitarfélaga um að 5 ára börn fái 6 klukkustundir á dag endurgjaldslaust líkt og grunnskólabörn. Það styður við jafna þátttöku á vinnumarkaði, treystir stöðu leikskólans sem fyrsta skólastigsins og ýtir undir félagslega blöndun með því að fækka þeim börnum sem ekki sækja leikskóla.



LEIKSKÓLI (frh)

Við styðjum við fjölbreytt rekstrarform leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskólar spila lykilhlutverk í brúun bilsins. Að þeim þarf að hlúa jafnvel og að þeim borgarreknu. Við styðjum við alla leikskóla sem vilja gera tilraunir með sveigjanlegri opnunartíma og sumaropnun, án þess að það bitni á faglegu starfi með börnunum. Við viljum að að stærri vinnustaðir geti rekið eigin leikskóla.

Styðja þarf við menntun starfsfólks og draga úr álagi. Með réttum stjórnunaraðferðum má nýta betur starfsfólk og nýta svigrúmið til að bæta starfsaðstæður og kjör. Jafna þarf hlutfall fagmenntaðs starfsfólks milli leikskóla. Styðja þarf við menntun faglærðs og ófaglærðs leikskólastarfsfólks.

ELDRI NEMENDUR

Við viljum að Reykjavík geri sitt til að byggja upp heimavist fyrir nemendur utan höfuðborgarsvæðis sem stunda nám í reykvískum framhaldsskólum.

Endurskoða þarf fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkur og skoða færslu hennar til annarra aðila.

Skoða þarf hvernig best sé að koma til móts við þarfir ungmenna á aldrinum 16–18 ára og huga að góðri staðsetningu fyrir félagsstarf þeirra. Við styðjum við starf hinsegin félagsmiðstöðvar.

Sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu eiga að koma sameiginlega að rekstri frístundar fatlaðra ungmenna til að koma í veg fyrir að vinahópar tvístrist eftir sveitarfélagamörkum.



MANNRÉTTINDI

Viðreisn er frjálslyndur og alþjóðlega sinnaður flokkur. Jafnrétti og mannréttindi eru leiðarstef í öllu starfi Viðreisnar.

Við viljum borg þar sem íbúar eru jafnir, án tillits til kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars eða annarrar stöðu. Við vinnum gegn hvers kyns mismunun og hvers kyns ofbeldi.

Viðreisn vill borg þar sem fjölbreytileikinn er sýnilegur. Við styðjum við félagsstarf hinsegin fólks á öllum aldri. Við styðjum við hinsegin fræðslu í reykvískum skólum og viljum fjármagna hinsegin félagsmiðstöð í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Við viljum borg þar sem öll geta notið sín án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, tungumáls, lífs- eða trúarskoðana.

Við leggjum áherslu á jafnrétti allra kynja. Við leggjum áherslu á aðgerðir til að útrýma launamun kynjanna og styðjum aðferðir kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar.

Við viljum borg sem er leiðandi í móttöku hælisleitenda og flóttafólks. Við leggjum áherslu á inngildingu og stuðning við atvinnuþáttöku. Leggja þarf áherslu á stuðning við tungumálakennslu, jafnt íslenskukennslu sem móðurmálakennslu barna af erlendum uppruna.

Við tökum mið af Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í störfum okkar. Við leggjum áherslu á málfrelsi, trúfrelsi og félagafrelsi í starfi borgarinnar. Við höfum virkt samráð við félagasamtök og einstaklinga um málefni sem þau varða.



VELFERÐ

Við viljum tryggja velferðarþjónustu sem byggir á mannréttindum, virðingu, virkni og sjálfsákvörðunarrétti hvers og eins. Við viljum að allir fái notið hæfileika sinna án tillits til fötlunar, veikinda, aldurs, atvinnuleysis eða félagslegra erfiðleika.

AFBRAGÐS ÞJÓNUSTA, EINFÖLD OG AÐGENGILEG

Við viljum einfalda alla vinnu við umsóknir um þjónustu. Öllum erindum á að vera hægt að sinna í gegnum rafræna þjónustugátt. Við viljum þjónustu sem byggir á einfaldleika, lipurð, góðum upplýsingum og skýrum tímaramma.

Við viljum tryggja sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins. Mikilvægt er að efla sjálfsbjargargetu fólks sem býr við skerta hæfni. Við leggjum höfuðáherslu á þróun tæknilausna og viðeigandi aðlögun til að tryggja sem besta þjónustu, samskipti og upplýsingamiðlun. Veita þarf fólki sem ekki getur nýtt sér rafrænar lausnir sérstakan stuðning svo þau verði ekki skilin útundan.

Við viljum að borgin hafi frumkvæði að þjónustu, t.d. fyrir börn, fatlað fólk, langveika og aldraða þannig að tryggt er að íbúar fái sömu upplýsingar og jafnan aðgang að þjónustu. Breyta þarf verklagi til að tryggja örugga framkvæmd frumkvæðisskyldunnar, meðal annars með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.



AFBRAGÐS ÞJÓNUSTA, EINFÖLD OG AÐGENGILEG (frh)

Við leggjum höfuðáherslu á forvarnarstarf til eflingar barna og barnafjölskyldna. Við viljum stórauka samstarf og samvinnu félagslegrar þjónustu, barnaverndar og skóla. Efla þarf þjónustu þegar um er að ræða alvarlegar geðheilbrigðisaðstæður barna svo sem kvíða, áföll eða þunglyndi.

Viðreisn styður fjölbreytt rekstrarform þegar kemur að velferðarþjónustu. Við vinnum að styttingu biðlista eftir sérfræðiráðgjöf. Við styðjum virkniúrræði til aðstoða fólk sem hefur verið utan vinnumarkaðar í lengri tíma.

Við styðjum hugmyndafræði skaðaminnkunar og hugmyndafræðina um “húsnæði fyrst” sem leið til að þjóna fólki með miklar og flóknar þjónustuparfir.

ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐ FÓLK

Við viljum byggja þjónustu á virkni og þátttöku aldraðs fólks. Tryggja verður góða þjónustu fyrir einstaklinga í heimahúsum, svo sem aðgengi, hjálpartæki, endurhæfingu, hreyfingu, fæði og síðast en ekki síst afbragðs stuðningsþjónustu og heimahjúkrun.

Stefna skal að samfelli í þjónustu við aldrað fólk. Leggja þarf áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu og efla sérstaklega kvöld- og helgarþjónustu sem og sveigjanlega dagvistun. Viðreisn styður við fjölbreytt rekstrarform í þjónustu við aldrað fólk.

Við leggjum áherslu á blöndun kynslóða skipulagi borgarinnar. Fjölbreytt og gott húsnæði og aðbúnaður er þar grundvallarþáttur. Við viljum halda áfram samstarfi við félagasamtök aldraðs fólks um húsnæðisuppbyggingu í öllum hverfum. Gott skipulag styður við virkni og lýðheilsu og minnkar líkur á félagslegri einangrun.



ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐ FÓLK (frh)

Taka þarf mið af því af breyttum þörfum nýrra kynslóða eldra fólks þegar kemur að félagslífi. Tryggja þarf meira valfrelsi þegar kemur að matarþjónustu. Vinna þarf gegn því að aldrað hinsegin fólk verði fyrir fordómum.

Borgin ætti að bjóða upp á hlutastörf eða störf í tímavinnu fyrir aldrað fólk sem kys að vinna.

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Við viljum samfélag án aðgreiningar. Við viljum að fatlað fólk geti tekið fullan þátt í samfélaginu og að sjálfsákvörðunarréttur hvers og eins sé tryggður. Tryggja þarf aðgengi í víðum skilningi, jafnt aðgengi að byggingum og almannarými sem og aðgengi að upplýsingum og ákvarðanatöku.

Viðhafa skal samráð við fatlað fólk á öllum stigum í anda hugmyndafræðinnar “ekkert um okkur án okkar”. Starfrækja skal virk notendaráð fyrir alla þjónustuþætti.

Við viljum tryggja atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Fjölga má hlutastörfum og auka sveigjanleika á vinnumarkaði. Auka þarf samstarf borgarinnar við atvinnulífið á þessu sviði. Vinna þarf að verklagi til að tryggja að ákvæðum laga um forgang fatlaðs fólks að störfum hjá ríki og sveitarfélögum sé framfylgt.

Við viljum tryggja fötluðu fólki góða og samfellda þjónustu. Þetta gerum við með því að vinna á biðlista eftir stuðningsþjónustu og sértækum búsetuúrræðum. Gera þarf þjónustuáætlanir við hvern og einn, tryggja góð samskipti og gagnvirkar upplýsingar, bjóða alltaf tímasett loforð um þjónustu og mæla árangur, jafnt heilt yfir sem og á persónumiðaðan hátt.



ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK (frh)

Tryggja þarf að fatlað fólk hafi raunverulegt val um búsetu, ekki síst með áherslu á algilda hönnun. Við ætlum að fjölga sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk um 100 á kjörtímabilinu.

Við styðjum áframhaldandi innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir fatlað fólk. Við viljum fjölga NPA-samningum í takt við áætlanir ríkisins. Fjölga mætti tímum í liðveislum og endurskoða umgjörð hennar með tilliti til kjara og fríðinda.

Við munum tryggja reglulegar þjónustumælingar á ferðaþjónustu fatlaðs fólks og gera úrbætur í samræmi við niðurstöður með það að markmiði að tryggja gott þjónustustig.

Viðreisn styður lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



MENNING OG ÍPRÓTTIR

Við viljum borg þar sem íbúar og gestir geti notið menningar og lista á heimsmælikvarða. Við styðjum við fjölbreytt íþróttalíf í borginni og leggjum sérstaka áherslu á góða æfingaaðstöðu fyrir börn og unglunga.

MENNING

Reykjavík á að vera menningarborg á heimsmælikvarða. Borgin þarf öfluga sjóði sem styrkja sjálfstætt starfandi listafólk og listhópa. Huga þarf að því að styrkja sérstaklega upprennandi listamenn og listamenn sem tilheyra jaðarhópum. Sjóðirnir þurfa að vera fáir og öflugir, úthlutanir eiga að byggjast á faglegum forsendum og vera í höndum fagfólks.

Móta þarf stefnu um að laða enn frekar að erlenda kvikmyndagerð. Það eru tækifæri í því að borgin verði gestgjafi Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna og viljum laða að og hýsa enn fleiri alþjóðlegar menningar- og listahátíðir.

Hverfishátíðir í tengslum við 17. júní hafa gefist vel og við viljum halda þeim áfram. Við styðjum við öflugar og fjölbreyttar borgarhátíðir.

Við viljum áfram hvetja þróunaraðila til að fjölga listaverkum í almannarými við uppbyggingu nýrra svæða. Við viljum hvetja til uppbyggingar á fjölbreyttum vinnustofum listafólks um alla borg. Nýta má húsnæði í eigu borgarinnar og húsnæði sem borgin ræður yfir undir listaviðburði.



MENNING (frh)

Hvetja má fyrirtæki til að styrkja menningu og listir. Gott dæmi um slíkt samstarf er Menningarnótt. Veita má sérstakar viðurkenningar til fyrirtækja sem staðið hafa sig vel þegar kemur að eflingu menningar.

Tengja þarf starf bókasafna við starfsemi sundlauga og þjónustumiðstöðva og lengja opnunartíma safna með aukinni sjálfsafgreiðslu, líkt og reynst hefur vel í Úlfarsárdal. Hægt er að nýta bókasöfn sem samkomustaði fyrir ungt fólk á kvöldin.

ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

Við viljum borg þar sem fólk á öllum aldri og af öllum kynjum geti stundað íþróttir og notið þeirra. Veita þarf fötluðum börnum og öðrum með skerta hreyfigetu aukin möguleika á að stunda íþróttir við sitt hæfi.

Efla þarf samstarf íþróttafélaga, tómstundafélaga og þjónustumiðstöðva og skóla til að virkja fleiri hópa til þátttöku í íþróttum og tómstundum. Gefa þarf þörfum barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður sem og þörfum barna á flóttu sérstakan gaum. Hvetja þarf félög til að veita upplýsingar um starfsemi sína á fleiri tungumálum en íslensku. Við viljum hvetja til aukins samstarfs félaga þar sem það getur bætt þjónustu við notendur.

Jafnrétti á að vera leiðarstef í öllu íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Ráðast þarf í og styðja við áfangaskipta vinnu við að jafna laun í reykvískum íþróttum. Borgin veiti íþróttahreyfingunni stuðning þegar kemur að því að móta viðbragðsáætlanir í ofbeldismálum og fylgja þeim eftir. Vinna þarf gegn brottfalli samkynhneigðra karla úr vinsælum hópíþróttum.



ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR (frh)

Við styðjum við þá faglegu forgangsörðun íþróttamannvirkja sem unnin hefur verið í samstarfi við íþróttahreyfinguna. Borgin taki ekki þátt í stofn- og rekstrarkostnaði þjóðarleikvanga nema að því marki að uppfylla þarfir reykvískra iðkenda.

Leggja þarf meiri áherslu á óafrekstengda íþróttastarfsemi. Það getur verið leið til að draga úr brottfalli eldri barna sem vilja áfram stunda íþróttir en eiga erfitt með það álag sem oft fylgir eldri flokkum. Hlúa þarf að almenningsíþróttum fullorðinna, þar með talið öryrkja og aldraðs fólks.

Við styðjum uppbyggingu nýrrar sundlaugar í Fossvogsdal, í samstarfi við Kópavogsbæ. Við viljum liðka fyrir hlaupa- og hjólamenningu, til dæmis með því að byggja upp stíga og loka götum tímabundið fyrir bílaumferð meðan stærri viðburðir fara fram.

Við styðjum við uppbyggingu rafíþróttar.

